

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2025/182****2025/EES/54/21****frá 31. janúar 2025****um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/901 til að leiðrétta
efnaformúluna fyrir ribóflavín-5'-fosfatmónónatríumsalt (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í föðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Efnið ribóflavín-5'-fosfatmónónatríumsalt, sem er framleitt með *Bacillus subtilis* (DSM 17339 og/eða DSM 23984), var leyft til 10 ára sem föðuraukefni fyrir allar dýrategundir með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/901 ⁽²⁾.
- 2) Hins vegar er efnaformúlan í lýsingu á eiginleikum virka efnisins ekki rétt og þarf að skipta henni út fyrir gildu formúluna.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og föður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.***Leiðrétting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/901**

Í stað formúlunnar $C_{17}H_{22}N_4O_9PNa$, kenninúmer 3a 826, í fjórða dálki „Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð“ í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/901 kemur formúlan $C_{17}H_{20}N_4O_9PNa$.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2025/182, 3.2.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2025 frá 13. júní 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (biður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj>.

⁽²⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/901 frá 29. maí 2019 um leyfi fyrir ribóflavíni, sem er framleitt með *Ashbya gossypii* (DSM 23096), ribóflavíni, sem er framleitt með *Bacillus subtilis* (DSM 17339 og/eða DSM 23984) og ribóflavín-5'-fosfatnatríumsalti, sem er framleitt með *Bacillus subtilis* (DSM 17339 og/eða DSM 23984) (gjafar B2-vítamíns), sem föðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 144, 3.6.2019, bls. 41, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2019/901/oj).

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. janúar 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
